

67

5. febr.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að hans konunglega tign krónprins Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 5. febrúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

68

6. febr.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á 22. gr. laga nr. 6, 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nokkur vafi leiki á um það, hvort undirskattanefndir þær, er nú sitja, eigi að starfa áfram samkvæmt lögum nr. 6, 9. janúar 1935, eða hvort skipa eigi nýjar undirskattanefndir. Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, og úr þessu þarf að skera án tafar, svo skattanefndir geti óhindraðar sinnt störfum, en hinsvegar eðlilegast á allan hátt, að núverandi skattanefndir starfi áfram, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

